

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Helgu Jakobsdóttur 9 og Jóhanns Jónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráð- 13. jan. herra 13. janúar 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Jónssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Helgu Jakobsdóttur og Jóhanns Jónssonar og er stofnaður af Elísabjörgu Jóhannsdóttur til minningar um foreldra hennar, Helgu Jakobsdóttur og Jóhann Jónsson póst, er fyrrum bjuggu að Bakka í Geiradal, eftir fyrimælum hans.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund — krónur. Tekjur sjóðsins eru auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, er honum kunna að berast.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja munaðarlaus börn eða fátækt barnafólk innan Geiradalshrepps.

### 4. gr.

Sjóðurinn skal vera eign hreppsfélags Geiradalshrepps og lýtur yfirráðum hreppsnefndarinnar með þeim takmörkunum, sem leiða af skipulagsskrá þessari.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður hjá Söfnunarsjóði Íslands eða öðrum tryggum sjóði.

### 6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur er heimilt að verja helmingi af árlegum vöxtum sjóðsins til styrktar munaðarlausum börnum eða fátæku barnafólki innan Geiradalshrepps.

Hinn helmingur vaxtanna skal ávallt lagður við höfuðstólinn unz hann nemur 50000 — fimmtíu þúsund — krónum. Eftir það skal öllum vaxtatekjum sjóðsins varið samkv. 1. mgr. þessarar gr.

### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hreppsnefnd Geiradalshrepps, sem annast styrkveitingar úr sjóðnum skal halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum reikninga hreppsins.

### 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Akureyri, 31. október 1946.

Elísabjörg Jóhannsdóttir.